

AUGLÝSING

um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Minjasafnsins á Bustarfelli.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 24. október 2018 stofnskrá Minjasafnsins á Bustarfelli.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 7. júlí 2020.

F.h. safnaráðs,

Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minjasafnið á Bustarfelli.

1. gr.

Stofnunin heitir Minjasafnið á Bustarfelli, kt. 621004-3010. Aðsetur safnsins eru gömlu bæjarhúsin á Bustarfelli, Vopnafirði.

2. gr.

Safnið starfar eftir safnalögum nr. 141/2011 og siðareglum ICOM (International Council of Museums).

3. gr.

Verksvið safnsins er að stuðla að verndun hinna gömlu bæjarhúsa á Bustarfelli, sýningu þeirra og safnmuna, sem þar eru varðveittir. Skal safnið gefa sem gleggsta mynd af fornu ættarsetri og jafnframt veita innsýn í árdaga tæknialdar á landi hér.

4. gr.

Meginuppistaða safnmunanna eru munir úr búi Bustarfells, sem Elín Methúsalemsdóttir hefur gefið, svo og þeir munir, er borist hafa og berast kunna safninu með öðrum hætti og þar eiga heima.

5. gr.

Alla þá muni, skjöl, bækur, myndir og önnur safnverðmæti sem í 4. gr. er getið, skal skrásetja vandlega, merkja og varðveita svo tryggilega sem frekast er kostur. Hvorki má selja né gefa muni þá, sem safnið hefur eignast, né láta þá í skiptum fyrir aðra gripi, nema fyrir liggja einróma samþykki safnstjórnar, enda sé ekki öðruvísi áskilið af gefanda eða seljanda. Ekki er safninu skylt að veita viðtöku munum eða öðrum minjum, sem óaðgengilegar kvaðir fylgja um varðveislu.

6. gr.

Bæjarhúsin eru í eigu og umsjá Þjóðminjasafnsins (sbr. afsalsbréf frá árinu 1943). Skal það leggja til fjármagn til viðhalds og reksturs húsanna í samráði við safnstjórn.

7. gr.

Minjasafnið er sjálfseignarstofnun. Stjórn þess skipa 5 fulltrúar tilnefndir af: Vopnafjarðarhreppi, ábúendum Bustarfells, Búnaðarfélagi Vopnafjarðar, Kvenfélaginu Lindinni og Hollvina-samtökum minjasafnsins. Fulltrúa í safnstjórn skal tilnefna fyrir aðalfund minjasafnsins, að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum.

8. gr.

Fastar tekjur safnsins eru árlegir styrkir Vopnafjarðarhrepps og aðildarfélaganna, framlög ríkissjóðs og/eða Þjóðminjasafns, þar með þau sem um getur í 6. gr., svo og þær tekjur, sem stjórn safnsins tekst að afla með aðgangseyri eða á annan hátt. Um framlag Þjóðminjasafnsins til daglegs reksturs Minjasafnsins á Burstarfelli (laun gæslumanns, ræsting o.fl.) fer samkvæmt þjóðminjalögum. Allur arður af starfsemi safnsins skal ganga til safnsins sjálfs.

9. gr.

Ársskýrslu safnsins, reikninga og fjárhagsáætlun ber safnstjórninni að senda þeim er í 7. gr. getur. Endurskoðun reikninga Minjasafnsins á Burstarfelli annist endurskoðendur reikninga Vopnafjarðarhrepps og skal reikningsárið vera almanaksárið.

10. gr.

Aðalfund stjórnar skal halda fyrir góulok ár hvert. Þar skal leggja fram uppgjör fyrir liðið reikningsár og starfsáætlun fyrir komandi starfsár og leggja drög að styrkumsóknum til þeirra er skulu, eða væntanlega munu, leggja því til fé. Á fyrsta aðalfundi skiptir stjórnin með sér verkum, kýs formann, varaformann og ritara. Formaður annast jafnframt fjárreiður á vegum stjórnar. Auk aðalfundar heldur stjórnin fundi eftir því sem þurfa þykir, eða ef tveir stjórnarmenn krefjast. Á stjórnarfundum ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála.

11. gr.

Stjórn safnsins er heimilt að ráða að safninu starfsmenn til gæslu og umhirðu, eftir því sem fjárhagur leyfir og þörf krefur. Leitast skal við að hafa safnstjóra í 50% stöðu, allt árið um kring, starfandi við safnið. Yfir sumarmánuðina (júní, júlí og ágúst) skal safnið opið almenningi. Um aðra opnunartíma safnsins ákveður stjórn þess og skal hún þar um leitast við að hafa sem nánast samstarf við skóla í nálægum byggðarlögum.

12. gr.

- a) Hlutverk stjórnar safnsins er að:
1. Tryggja safninu viðunandi starfsumhverfi og starfsmönnum viðunandi starfsaðstöðu.
 2. Tryggja að safnið starfi að lögum.
 3. Tryggja fjármögnun.
 4. Tryggja stefnumótun.
 5. Tryggja sjálfstæði safnsins.
 6. Tryggja að safnstjóri sé faglega hæfur, uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð.
 7. Stjórn safnsins fylgi siðareglum ICOM.
- b) Hlutverk safnstjóra er:
1. Safnstjóri starfar í umboði stjórnar.
 2. Safnstjóri hefur sjálfstæði til þess að taka ákvarðanir fyrir safnið hvað varðar fjárhag innan samþykks fjárhagsramma, starfsmannamál, söfnun muna, lán á munum og starfar í nánum tengslum við stjórn safnsins að stefnumótun.
 3. Safnstjóri ber ábyrgð á rekstri safnsins gagnvart stjórn þess.
 4. Safnstjóri hefur aðgengi að ábyrgðarmönnum safnsins.
 5. Safnstjóri gegnir a.m.k. 50% stöðu við safnið og fylgir siðareglum ICOM í samræmi við 10. gr. safnalaga.

13. gr.

Stjórn safnsins skal hafa nána samvinnu við Húsasafn Þjóðminjasafns Íslands, sérstaklega varðandi öll mál er snerta bæjarhús, viðhald þeirra og umhirðu.

14. gr.

Verði nokkru sinni ákveðið að leggja safnið niður skal tryggt að munir í eigu safnsins verði áfram nýttir sem safngripir í Vopnafirði og í eigu Vopnfirðinga en undir umsjá Minjasafns Austur-

Nr. 801

7. júlí 2020

lands, að höfðu samráði við fráfarandi stjórn safnsins, höfuðsafn og viðkomandi ráðuneyti, að fengnu samþykki ábúenda á Bustarfelli.

B-deild – Útgáfud.: 18. ágúst 2020